

**Geislavarnir ríkisins**  
**08 327**

**Ársreikningur 2021**

## **Efnisyfirlit**

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Geislavarnir ríkisins**

**kt. 540286-1169**

**Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Geislavarnir ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga nr. 44/2002.

Geislavarnir ríkisins hefur það hlutverk að annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 153,1 milljónir og afkoma kr. -1,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 9,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 58,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Geislavarna ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Geislavarna ríkisins fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Sigurður M. Magnússon,  
forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	98.000.000	102.400.000
Seld þjónusta .....	3	14.840.682	10.881.757
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	34.777.658	28.088.896
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	5.467.939	6.027.285
<b>Tekjur samtals</b>		<u>153.086.279</u>	<u>147.397.938</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	106.244.694	102.677.760
Annar rekstrarkostnaður .....	6	42.365.957	42.553.384
Afskriftir .....	7	5.467.939	6.027.285
<b>Gjöld samtals</b>		<u>154.078.590</u>	<u>151.258.429</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(992.311)	(3.860.491)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		25.947	25.130
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(3.241)	(3.398)
		<u>22.706</u>	<u>21.732</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u>(969.605)</u>	<u>(3.838.759)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		20.583.611	22.608.670
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>20.583.611</u>	<u>22.608.670</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		1.862.344	5.005.619
Tengdir aðilar .....	9	31.824.945	26.243.661
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	94.125
Handbært fé .....		3.879.565	3.954.765
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>37.566.854</u>	<u>35.298.170</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>58.150.465</u></u>	<u><u>57.906.840</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		9.653.876	10.623.481
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>9.653.876</u>	<u>10.623.481</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	965.221	469.294
Viðskiptaskuldir .....		2.468.722	1.818.916
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	17.388.974	17.253.538
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	27.673.672	27.741.611
<b>Skuldir samtals</b>		<u>48.496.589</u>	<u>47.283.359</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>58.150.465</u></u>	<u><u>57.906.840</u></u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(969.605)	(3.838.759)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	5.467.939	6.027.285
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(5.467.939)	(6.027.285)
		<u>(969.605)</u>	<u>(3.838.759)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		3.237.400	(2.556.278)
Tengdir aðilar .....		(3.128.237)	5.860.897
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		785.242	1.452.111
		<u>894.405</u>	<u>4.756.730</u>
		<u>(75.200)</u>	<u>917.971</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(3.442.880)	(3.339.909)
		<u>(3.442.880)</u>	<u>(3.339.909)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		3.442.880	3.339.909
		<u>3.442.880</u>	<u>3.339.909</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(75.200)	917.971
		<u>3.954.765</u>	<u>3.036.794</u>
		<u>3.879.565</u>	<u>3.954.765</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

2021 2020

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins .....	98.000.000	102.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	5.467.939	6.027.285
	<u>103.467.939</u>	<u>108.427.285</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	97.200.000	0	0	97.200.000
Millifært úr varasjóð .....	800.000	0	0	800.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>98.000.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>98.000.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(98.969.605)	0	0	(98.969.605)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(969.605)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(969.605)</b>

2021 2020

### 3 Seld þjónusta

Verksala .....	0	56.985
Sala á vöru og þjónustu .....	14.394.182	10.824.772
Fræðslustarfsemi og fundir .....	446.500	0
	<u>14.840.682</u>	<u>10.881.757</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	7.425.558	5.000.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	25.152.100	23.088.896
Ýmsar tekjur .....	2.200.000	0
	<u>34.777.658</u>	<u>28.088.896</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	85.442.434	79.319.340
Orlof, breyting .....	135.436	3.652.936
Launatengd gjöld .....	19.355.718	18.223.864
Starfsmannakostnaður .....	1.311.106	1.481.620
	<u>106.244.694</u>	<u>102.677.760</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	8,8	8,9
------------------------------	-----	-----

## Skýringar

	2021	2020
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	231.068	303.887
Byggingarvörur, aðrar .....	0	4.095
Ýmis tæki og áhöld .....	270.647	404.390
Orkugjafar .....	2.157.263	1.715.626
Matvæli .....	1.416.623	1.167.717
Almennar rekstrarvörur .....	627.625	528.028
Vörukaup, almenn	4.703.226	4.123.743
Rannsóknarstofuefni .....	1.057.039	2.572.640
Ýmsar sérgreindar vörur .....	2.599	10.650
Vörukaup, sérgreind	1.059.638	2.583.290
Fundir, námskeið, risna .....	210.826	318.217
Ferðir, uppihald .....	2.322.976	1.003.968
Akstur .....	509.149	35.410
Sérfræðiþjónusta .....	5.905.938	6.599.145
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	80.816	80.620
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	77.099	75.999
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	1.846.100	2.039.213
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	10.952.904	10.152.572
Afnotagjöld .....	4.512.269	4.596.929
Leigugjöld .....	14.991.766	14.517.542
Notkun véla og flutningatækja .....	116.920	101.150
Verkkaup .....	1.446.270	1.521.476
Kostnaðarhlutdeild .....	577.266	629.360
Tryggingar, lögboðnar .....	950	28.510
Opinber gjöld .....	23.174	866
Tilfærslur .....	3.981.526	4.251.537
Tapaðar kröfur .....	48	46.409
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	25.650.189	25.693.779
Annar rekstrarkostnaður samtals	42.365.957	42.553.384
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	5.467.939	6.027.285
	5.467.939	6.027.285

## Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	20.583.611	22.608.670
	<u>20.583.611</u>	<u>22.608.670</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	73.526.741	58.515	73.585.256
Viðbætur á árinu .....	3.442.880	0	3.442.880
	<u>76.969.621</u>	<u>58.515</u>	<u>77.028.136</u>
Afskriftir 01.01.2021 .....	50.918.071	58.515	50.976.586
Afskrift ársins .....	5.467.939	0	5.467.939
	<u>56.386.010</u>	<u>58.515</u>	<u>56.444.525</u>
Staða 31.12.2021 .....	<u>20.583.611</u>	<u>0</u>	<u>20.583.611</u>
	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>	

## 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	31.824.945	26.243.661
	<u>31.824.945</u>	<u>26.243.661</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	965.221	469.294
	<u>965.221</u>	<u>469.294</u>

## 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	10.623.481	14.462.240
Afkoma ársins .....	(969.605)	(3.838.759)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>9.653.876</u>	<u>10.623.481</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
<b>11 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	17.388.974	17.253.538
	<u>17.388.974</u>	<u>17.253.538</u>

## Skýringar

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	20.583.611	22.608.670
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	7.090.061	5.132.941
	<u>27.673.672</u>	<u>27.741.611</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	22.608.670	5.132.941	27.741.611
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	5.400.000	5.400.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	3.442.880	(3.442.880)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(5.467.939)	0	(5.467.939)
	<u>20.583.611</u>	<u>7.090.061</u>	<u>27.673.672</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 4,1 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

### 13 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundin skuldbindandi samning um húsnæði og þjónustusamning um ræstingu. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 15,5 milljónum og vegna þjónustusamnings nema kr. 1,6 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.